



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2022

**NÝMI2KV05**

Nýsköpun og miðlun

Kennari:	<b>Margrét Blöndal</b> <a href="mailto:margret.blondal@fsu.is">margret.blondal@fsu.is</a>
----------	---

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið yfir undirstöðuatriði í handritsgerð, upptökutækni, gerð klippihandrita, klippingar og hljóðsetningu. Nemendur fá þjálfun í að koma hugmyndum og sögum á blað og þaðan í myndrænt form. Skoðaðar verða mismunandi leiðir til að miðla efni; sjónvarp, útvarp, samfélagsmiðlar, streymisveitur, heimildamyndir, leiknar myndir. Nemendur læra viðtalstækni og æfa sig í að taka viðtöl. Nemendur taka upp efni, klippa, hljóðsetja og gera efnið sýningarhæft.

**Undanfari:** Enginn

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á

- handritsgerð
- stafrænni tækni
- viðtalstækni
- hvernig mismunandi frásagnartækni hæfir mismunandi miðlum
- þýðingu mismunandi sjónarhorna í frásögn
- áhrifum tónlistar og hljóða á merkingu frásagna (kvikmynda)

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- breyta hugmynd (sögu) í frásögn og getu til að miðla henni
- taka upp einfalda „kvikmynd“
- klippa og hljóðsetja
- ganga frá og birta á vef

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna í hóp sem deilir með sér verkum við gerð „kvikmynda“
- fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt
- ræða um þær hugmyndir sem hann er að túlka í verkum sínum
- ræða hugmyndir sínar og annarra á uppbyggilegan hátt
- þróa hugmyndir sínar í „kvikmynd“
- nota „kvikmyndun“ sem miðil til að tjá skoðanir sínar og hugmyndir.

- **Námsefni:**

Öll kennslugögn koma frá kennara og af netinu nema bókin Benjamín Dúfa eftir Friðrik Erlingsson sem nemendur lesa. Nemendur horfa einnig á myndina sem gerð var eftir bókinni. Auk þess verður horft á eina heimildamynd úr smiðju Margrétar Jónasdóttur hjá SAGA-film.

Skortur gæti verið á upptökuvélum til myndatöku og þarf þá að vinna slíkt í samráði við kennara. Í stofu 303 er Adobe Premiere klippiforrit í 12 tölum og er það forrit mest notað í áfanganum. Einnig þurfa að nemendur að hafa aðgang að snjallsíma með klippiforriti.

### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1. - 4.	6. janúar - 30. janúar	<u>Kennsla hefst mán. 10 janúar</u>  1) Möguleikar þeirrar tækni sem við höfum.  2) „Að segja sögu“. Bygging frásagna, heimildaöflun, viðtalstækni	Verkefni 1
5. - 8.	1. febrúar - 27. febrúar	Handritsgerð: 1) Mismunandi miðlar. Gestur: Sigríður Pétursdóttir fjölmiðla- og kvikmyndafræðingur. 2) Heimildamyndir Gestur: Margrét Jónasdóttir framleiðandi hjá SAGA FILM	Verkefni 2  Verkefni 3
9. - 12.	28. febrúar - 27. mars	Handritsgerð frh.  3) Leiknar kvikmyndir Gestur: Friðrik Erlingsson: hugmynd, bók, kvikmyndahandrit	Verkefni 4
13.-16.	28. mars - 24. apríl	Tónlist og áhrifahljóð 1) Mannsröddin 2) „hljóð og mynd“ 3) Hljóðsetning: Gestur Gunnar Árnason hljóðmeistari	Verkefni 5

		Undirbúningur fyrir lokaverkefni - Nemendur mynda samstarfshópa. Undirbúningur, val á verkefni og verkaskipting. Verkáætlun.	Verkefni 6 (lokaverkefni)
17.-19.	25. apríl - 15. maí	Lokaverkefni frh. Stuttmynd  Frumskýningadagur, hóparnir kynna hver sína mynd. Nemendur skila (hver fyrir sig) stuttum texta um vinnuferlið. Hvernig gekk samvinnan o.sv.frv.  - Sjúkrapróf mán. 16. maí. - Brautskráning lau. 21. maí.	Verkefni 7 (lokaverkefni)

### Sérreglur áfangans:

Ekki er lokapróf í áfanganum en nemendur verða að skila að lágmarki 80% verkefna til að standast áfangann.

### Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Myndir teknar og klipptar á síma.	<b>Verkefni 1</b> Tvær stuttar símamyndir; a) efni að eigin vali og b) efni sem er úthlutað. Einföld frásögn.	10%
Handrit, tölur, viðtöl og klipping	<b>Verkefni 2</b> Nemendur velja sér viðfangsefni til að miðla. Nota eigin orð og taka viðtal. Tekið upp á síma og klippt í Adobe Premiere. Nemendur kynna verkefnið fyrir samnemendum og kennara og segja frá því hvernig það var hugsað.	10%
Gagnrýnin hugsun	<b>Verkefni 3</b> Nemendur horfa á heimildamyndina Hækkum rána eftir Margréti Jónasdóttur – ræða hana í tíma og undirbúa spurningar til að leggja fyrir Margréti.	10%
Handritsgerð og gagnrýnin hugsun	<b>Verkefni 4</b> Nemendur lesa bókina Benjamín Dúfa eftir Friðrik Erlingsson og horfa á kvikmyndina. Umræður í tíma áður en Friðrik kemur og segir frá því hvernig bók verður að kvikmyndahandriti. Nemendur horfa aftur á myndina og þá í „nýju“ ljósi. <i>Nemendur skrifa stutta „kvikmyndagagnrýni“ um a)Hækkum rána eða b)Benjamín Dúfu.</i>	10%

Tökur, hljóðsetning	<b>Verkefni 5</b> Nemendur gera stutta mynd á síma þar sem saga er sögð án orða. Mynd, hljóð og tónlist – og e.t.v. grafík.	10%
Lokaverkefni	<b>Verkefni 6</b> Stuttmynd (má vera heimildamynd). Þar kemur allt saman; frásagnartækni, handritsgerð, viðtöl, upptökur, klipping, hljóðsetning, grafík, kynningartrailer, frágangur. Nemendur ganga frá mynd á streymisveitu. Nemendur skila stuttri greinagerða um samstarfið og vinnuna. (gildir 5% af einkunn)	30%
Verkleg færni	Verklag, sjálfstæði, fagmennska og samvinna	10%
Ástundun	Virgni, áhugi, þáttaka í umræðum og mæting	10%
Samtals		100%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Selfossi 6. janúar 2022

Margrét Blöndal